



Skútustaðahreppur

Pistill sveitarstjóra

Þorsteinn Gunnarsson

Vorið er snemma á ferðinni í Mývatnssveit þótt örlítið bakslag hafi komið í þessari viku. Var yndislegt að upplifa hér dásemdar sólardaga sem veit á gott fyrir sumarið. Það kemur skemmtilega á óvart hversu mörg og stór verkefni sveitarfélagsins eru, fyrir utan hefðbunda og reglulega starfsemi. Þar er af ýmsu að taka. En því er ekki að neita að fráveitumálin taka sífellt meiri tíma og orku bæði hjá starfsfólki sveitarfélagsins og ekki síst sveitarstjórn. En miklu máli skiptir, eins og ég nefndi í síðasta pistli, að þrátt fyrir mikinn þrýsting úr öllum áttum er mikilvægt að vanda til verka á öllum stigum málsins því miklir fjárhagslegir hagsmunir eru í húfi, ekki síst fyrir sveitarfélagið sem stendur frammi fyrir uppbyggingu fráveitu fyrir hundruði milljóna króna. Hér eru ekki bara tvær hliðar á öllum málum heldur margar hliðar. Ég fagna því samtali og samstarfi sem átt hefur sér stað hjá sveitarfélaginu og öðrum hagaðilum hér í Mývatnssveit að undanfögnu, sem að mínu mati er forsenda þess að skynsamleg lausn náist í málinu og við skilum inn raunsærri umbótaáætlun. Jafnframt fögnum við því að ríkisvaldið hefur boðað viðræður við sveitarstjórnina en þessi vegferð er bara rétt að byrja. Eins og kom skilmerkilega fram hjá verkfræðingi Eflu sem gerði skýrslu um fráveitumálin fyrir umhverfisráðuneytið, þá hefur

ekkert sveitarfélag á landinu staðið fyrir öðru eins verkefni í fráveitumálum.



Fengu ís að launum

Nemendur á yngsta- og miðstigi Reykjahlíðarskóla fóru í árlegan hreinsunarleiðangur í Reykjahlíðarþorpinu í síðustu viku þar sem þau týndu rusl í blíðviðrinu. Þetta eykur klárlega umhverfisvitund nemendanna sem fannst þetta skemmtilegt verkefni. Eftir flott hreinsunarstarf voru nemendurnir verðlaunaðir með ís og var myndin tekin við það tækifæri.

Sumarstarf - Umhverfisfulltrúi

Sveitarstjórn hefur ákveðið að auglýsa í stöðu umhverfisfulltrúa Skútustaðahrepps. Um sumarstarf er að ræða (tímabundin ráðning). Leitað er að metnaðarfullum og traustum einstaklingi með ríka þjónustulund,

samskiptahæfileika og áhuga á fjölbreyttum verkefnum útivið. Konur, jafnt sem karlar, eru hvattar til að sækja um starfið. Vinnutími getur verið sveigjanlegur.


Verksvið: Aðstoð við fegrun umhverfis í sveitarfélaginu þar sem markmiðið er að snyrta umhverfið okkar og hafa það þrífalegt. Má þar nefna gróðursetningu sumarblóma, aðstoð við græn verkefni, ruslatínsla, umsjón salerna við Leikhnjúk, afgreiðsla/móttaka á gámasvæði, leiðbeiningar til ferðamanna sem auk annarra tilfallandi starfa. Umhverfisfulltrúinn heyrir undir verkstjóra áhaldahússins.

Hæfniskröfur

- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum.
 - Bílpróf. Vinnuvélaréttindi eru kostur.
 - Rík þjónustulund
 - Lipurð í mannlegum samskiptum
 - Tungumálakunnátta, enska
- Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.
- Umsóknarfrestur er til og með 22. maí nk. Senda skal umsókn og starfsferilskrá til Þorsteins Gunnarssonar sveitarstjóra á netfangið sveitarstjori@myv.is, sem veitir einnig nánari upplýsingar (í tölvupósti). Þess má geta að kostnaðurinn við þetta sumarstarf greiðist með arðgreiðslu sem sveitarfélagið fékk fyrir sinn hlut í Jarðböðunum.



Frá fræðslu- og upplýsingafundi um fráveitumál



Ríkisstjórnin boðar viðræður vegna fráveitumála í Mývatnssveit

Fráveitumálin voru enn og aftur á dagskrá sveitarstjórnar Skútustaðahrepps í gær. Þar var bókað: „Föstudaginn 28. apríl s.l. samþykkti ríkisstjórnin beiðni umhverfisráðherra og fjármálaráðherra um að gengið yrði til samningaviðræðna við sveitarstjórn Skútustaðahrepps um aðkomu ríkisins að fráveitumálum í Skútustaðahreppi. Sveitarstjórn fagnar þeim áfanga heilshugar. Mánudaginn 8. maí stóð sveitarstjórn Skútustaðahrepps að þremur fundum sem tengjast fráveitumálum og vöktun. Fyrst var haldinn fundur með Norðurorku um mögulega aðkomu þess að veitum sveitarfélagsins. Þá var haldinn fundur með Ramý, Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirlitinu um vöktun á Mývatni. Að lokum var haldinn fræðslu- og upplýsingafundur fyrir þá rekstraraðila sem Heilbrigðiseftirlitið hefur krafist um gerð úrbótaáætlaða í fráveitumálum sem skal skilað í síðasta lagi 17. júní n.k. Á fundinum var m.a. kynnt skýrsla Eflu sem umhverfis- og auðlindaráðuneytið lét gera um fráveitumál í Mývatnssveit, flutt erindi ÍSOR tengt mögulegri niðurdælingu á frárennslisvökva og kynning á fyrirkomulagi

fráveitumála í Borgarfirði. Jafnframt fór fulltrúi umhverfis- og auðlindaráðherra yfir stöðu mála varðandi aðkomu ríkisins. Þróun ástands í lífríki Mývatns á sér ekki einhlíta skýringu. Engu að síður er hugur sveitarstjórnar allur til þess að leysa fráveitumál af kostgæfni. Fram kom á fundinum hversu umfangsmikið og flókið verkefni biður úrlausnar í fráveitumálum, kostnaður fyrir sveitarfélagið er varlega áætlaður um 500-700 m.kr. samkvæmt skýrslu Eflu og lykilatriði er að ríkið komi að fjármögnun eins og því ber samkvæmt verndarlögunum um Mývatn og Laxá.“



Mikilvægt að efla vöktun við Mývatn

Sveitarstjórn hafði frumkvæði að því að haldinn var fundur þann 8. maí s.l. með Ramý, Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirlitinu um vöktun á Mývatni í tengslum við fráveitumál í sveitarfélaginu. Forstöðumaður Ramý lagði fram minnisblað á fundinum þar sem farið er yfir vöktun á lífríki Mývatns og Laxá en hún felst m.a. í vöktun fuglalífs, fiskistofna, átustofna og svo önnur vöktun. Undir aðra vöktun flokkast m.a. vöktun á efnasamsetningu lindarvatns, vatnshita, sýrustigs og næringarefna og botnþörungna í Mývatni. Í gangi er 10 ára

rannsóknarverkefni þar sem fylgst er náið með sveiflum í lífríki Mývatna.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps bókaði um málið á fundi sínum í gær og lagði áherslu á að vöktun við Mývatn verði eflad enn frekar og að ríkisvaldið tryggi næga fjármögnun. Jafnframt óskar sveitarstjórn eftir því að gerð verði samantektarskýrsla um ástand lífríkisins í Mývatni.

Fjöregg tekur við árlegri ruslahreinsun

Stefnt er að því að hin árlega ruslahreinsun verði miðvikudaginn 31. maí nk. Að vanda bjóða Skútustaðahreppur og Jarðböðin í grillveislu við Jarðböðin eftir hreinsunina og einnig verður frítt í Jarðböðin fyrir ruslatínslufólk. Sólveg Jónsdóttir skólastjóri hefur séð um ruslahreinsunina undanfarin ár með miklum myndarbrag og kann sveitarfélagið henni miklar þakkir fyrir gott skipulag og utanumhald. Sólveig ákvað að láta þar við sitja í ár. Í staðinn hefur Fjöregg, félag um náttúruvernd og heilbrigt umhverfi í Mývatnssveit, tekið að sér að halda utan um ruslahreinsunina og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir að taka þetta verkefni að sér. Nánari upplýsingar um hreinsunardaginn verða sendar út síðar í mánuðinum.

Sveitarstjórn harmar innleiðingu Vega-gerðarinnar á breytingu á hámarkshraða

Á fundi sveitarstjórnar í gær var lagður fram undirskriftalisti frá 16 íbúum í Garði, á Grænavatni og Sjónarhóli, þar sem þess er farið á leit við sveitarstjórn að hún afturkalli beiðni um lækkun hámarkshraða úr 90 í 70 km/klst frá Skútustöðum að Vogum. Sveitarstjórn þakkaði bréfið. Rétt er að taka fram að sveitarstjórn hefur jafnframt borist jákvæð viðbrögð frá íbúum með nýja hraðatakmarkun.

Í bókun sveitarstjórnar segir:

„Sveitarstjórn hefur reglulega fundað með fulltrúum Vegagerðarinnar, meðal annars vegna umferðaröryggis. Í því samhengi hefur þess verið óskað að útskotum á umræddum vegakafli yrði fjölgað til að auka umferðaröryggi í ljósi mikillar fjölgunar ferðamanna en því hefur Vegagerðin hafnað. Á fundi sveitarstjórnar með Vegagerðinni 15. júní 2016 var eina úrræðið til aukins umferðaröryggis talið lækkun á hámarkshraða. Þess var þá óskað að slíkar takmarkanir yrðu hluta úr ári, sem ekki reynist valkostur. Sveitarstjórn harmar hvernig Vegagerðin stóð að innleiðingu breytingar á hámarkshraða, sem eðlilegt hefði verið að kynna íbúum formlega. Rétt er að fram komi að til að auka umferðaröryggi gangandi og hjólandi vegfarenda hefur sveitarstjórn ítrekað sótt um í framkvæmdasjóð ferðamannastaða um gerð göngu- og hjólréiðastígs umhverfis Mývatn en án árangurs fram til þessa.

Sveitarstjórn hafnar erindi um að óska þess við Vegagerð að hámarkshraði á umræddum vegakafli verði 90 km/klst en samþykkir samhljóða að taka málið aftur upp í haust í samráði við íbúa, þegar meiri reynsla er komin á þessa hraðatak mörkun út frá umferðaröryggissjónarmiðum. Jafnframt óskar sveitarstjórn þess við Vegagerðina að heimildir til framúraksturs verði aðlagðar að breyttum hámarkshraða.”

Skólaakstur framlengdur en án leikskólabarna

Sveitarstjórn hefur samþykkt að framlengja samning við núverandi bílstjóra, Gísla Rafn Jónsson og Egil Freysteinnsson um skólaakstur til eins árs. Sveitarstjórn hefur jafnframt samþykkt tillögu skólanefndar að ekki verði

boðið upp á skólaakstur leikskólabarna á næsta skólaári þar sem ekki þykir forsvaranlegt að lengja tíma grunnskólabarnanna í bílnum miðað við núverandi aðstæður. Hins vegar er vilji hjá skólanefnd fyrir því að endurskoða þetta fyrir haustið 2018 í ljósi breytinga sem væntanlega verða þá á skipulagi skólaaksturs. Sveitarstjórn tekur undir bókun skólanefndar hvað þetta varðar.



Vogafjós fær gæðavottun Vakans

Það er alltaf ánægjulegt þegar ferðaþjónusta-aðilar sýna þann metnað að sækjast eftir að fá gæðavottun Vakans sem er gæða- og umhverfiskerfi ferðaþjónustunnar. Nýjasta fyrirtækið innan Vakans er Vogafjós í Mývatnssveit. Þetta er fjölskyldurekið fyrirtæki, annars vegar í eigu hjónanna Ólafar Þ. Hallgrímsdóttur og Jóns Reynis Sigurjónssonar og hins vegar Leifs Hallgrímssonar og Gunnhildar Stefánsdóttur. Ferðaþjónusta hefur verið rekin síðan 1999 en þá var opnað kaffihús þar sem gestum gafst tækifæri á að horfa inn í fjós og fylgjast með mjöltum. Árið 2005 voru tekin í notkun 20 herbergi en í dag eru þau orðin 26 talsins. Árið 2009 var veitingastaðurinn stækkaður og rúmar

nú um 80 gesti. Á jörðinni er einnig hefðbundinn búskapur, nautgripir og sauðfé.

Frá upphafi hefur verið lögð áhersla á afurðir beint frá býli og afurðir búsins notaðar á veitingastaðnum. Einnig er unnið með bændum í nærumhverfinu og einblínt á svæðisbundnar og heimagerðar veitingar sem og persónulega þjónustu. „Hugmyndafræðin að baki rekstrinum er að halda íslenskri menningu hátt á lofti og styrkja samfélagið. Það er gaman frá því að segja og við erum stolt af því að fyrirtækið hefur vaxið og dafnað. Í byrjun var engin heilsársstaða en í dag höfum við um 40 starfsmenn þegar mest lætur,“ segir Ólöf á heimasíðu Ferðamálastofu.

„Innleiðing Vakans hvetur okkur til að gera enn betur og það er ósk okkar að gestirnir okkar sjái að við leggjum metnað í að uppfylla gæðakröfur og halda þeim,“ bætir hún við.

Börnum fjölgar á leikskólanum

Á fundi skólanefndar lagði leikskólastjóri fram niðurstöður könnunar um breytingu á opnunartíma leikskólans vegna beiðni sem barst frá foreldri. Alls bárust svör frá 12 heimilum af 17. Alls vildu 9 heimili óbreyttan opnunartíma, tvö heimili voru hlutlaus og eitt óskaði eftir breytingu. Nefndin samþykkti að hafa opnunartíma leikskólans óbreyttan.

Á sama fundi lagði leikskólastjóri fram minnisblað með yfirliti yfir barnafjölda og aldursskiptingu á leikskólanum Yl frá og með ágúst 2017, einnig yfir barnagildi, stöðugildi og rými leikskólans. Sú óvenjulega staða er uppi að nú er ekkert barn á elsta ári á leikskólanum sem fer í grunnskólann í haust og börnum hefur fjölgað mikið og verða þau 26 í haust og er leikskólinn þá full setinn. Eins og staðan er núna stefnir í að þrjú börn verði á biðlista fyrir áramót sem þarf að bregðast við en um

tímabundið ástand er að ræða því haustið 2018 færast fimm börn upp í grunnskólann.

Leikskólastjóra og sveitarstjóra var falið að koma með tillögu að lausn og leggja fyrir næsta fund nefndarinnar.

Sárvantar matráð í mótuneyti skólanna

Enn hefur ekki tekist að ráða matráð í mótuneyti leik- og grunnskóla næsta haust og stefnir því í vandræða ástand ef ekki rætist úr. Áhugasamir eru hvattir til þess að hafa samband við Sólveigu skólastjóra.

FRAMUNDAN:

17. maí kl. 16:30 Vortónleikar Tónlistarskóla Mývatnssveitar

31. maí Árleg ruslahreinsun.

3. júní Mývatnsmarþon. Skráning á www.hlaup.is Nánari upplýsingar í síma 894 6318 (Elísabet) eða á myvetningur@gmail.com.

Ýmislegt

Að vanda hef ég sótt ýmsa fundi að undanfögnu, m.a. íbúafund vegna mótunar skólafélagsins hjá sveitarfélaginu, aðalfund Jarðbaðanna, aðalfundi Menningarmiðstöðvar Þingeyinga og Héraðsnefndar Þingeyinga, með forstöðumönnum, skólanefnd, sveitarstjórn, fulltrúa félagsþjónustu Norðurlands og svo þrjú stóra fundi um fráveitumál, svo eitthvað sé nefnt.

Sem fyrr er hér er stiklað á stóru. Ætlunin er að pistill sveitarstjóra birtist tvisvar í mánuði, í kjölfar sveitarstjórnarfunda.

Bestu kveðjur
Þorsteinn Gunnarsson,
sveitarstjóri